


# Barn á Vökudeild

## Fæðugjöf um sondu

Á Vökudeild dvelja fyrirburar sem þurfa stuðning til að stækka og þroskast. Einnig dvelja þar börn sem þurfa tíma til að jafna sig á veikindum, svo sem sýkingum eða erfiðleikum við öndun. Þessi börn eiga það sameiginlegt að þurfa oft aðstoð við fæðugjöf og algengt er að til þess sé notuð sonda (næringarslanga).

### Sonda

Sonda er mjúk, grönn slanga sem er þrædd í gegnum nös eða munn, niður vélinda og ofan í maga, sjá mynd 1. Um sonduna er hægt að gefa næringu og lyf eða fjarlægja loft úr maganum ef þörf er á. Þegar sonda er notuð til að fjarlægja loft úr maga er hún höfð opin milli fæðugjafa.



Mynd 1. Sonda (næringarslanga) fyrir fæðugjöf.

## Fyrirburar

Börn sem fæðast fyrir tímann hafa ekki náð þroska til að samhæfa sog, kyngingu og öndun og skortir úthald til að drekka nóg til að þyngjast. Þeim reynist því oft erfitt eða ómögulegt að drekka sjálf.

Þegar börnin stækka og fara að drekka sjálf getur þau vantað úthald til að drekka nóg. Þá getur sondan reynst vel samhliða brjósta- eða pelagjöf.

## Veik börn og börn með nýburagulu

Börn á Vökudeild sem leggjast inn vegna erfiðleika við öndun ná oft ekki að drekka fullar gjafir af brjósti eða pela og geta þess vegna tímabundið þurft að fá næringu um sondu. Með nægri næringu og vökva eru þau fljóttari að sigrast á veikindum. Sondugjöf hefur ekki áhrif á sog þeirra þegar þau jafna sig.

Börn sem leggjast inn vegna nýburagulu og þurfa ljósamedferð geta einnig þurft sondugjafir því gulan gerir þau þreytt þannig að þau drekka ekki nægilega mikið sjálf.

## Staðsetning sondu

Hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði mælir fyrir réttri staðsetningu sondu og merkir lengd með varanlegum tússpenna á sonduna sjálfa. Sondan er þrædd gegnum nef eða munn og niður í maga. Þegar sondan er komin hæfilega djúpt niður er hún prófuð. Það er gert með því að draga magasafa með sprautu upp úr maganum og mæla sýrustig eða með því að sprauta svolitlu lofti í magann og hlusta eftir því með hlustunarpípu við kviðinn. Sondan er límd við kinn barnsins þegar staðfest hefur verið að sondan liggir í maga þess. Sondur sem notaðar eru á Vökudeild til næringar endast í allt að fjórar vikur áður en þarf að skipta. Ef barn þarf stuðning við öndun er þó skipt vikulega.

Foreldrar sem sjá um fæðugjafir um sondu þurfa að vita hvernig sondan á að liggja og hafa eftirlit með henni fyrir fæðugjafir. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar leiðbeina um fæðugjöf og umhirðu sondunnar.

## Framkvæmd sondugjafir

### Undirbúningur

- 1 **Pvo hendur og spritta fyrir meðhöndlun mjólkur.** Mikilvægt er að gæta hreinlætis við fæðugjafir til að koma í veg fyrir sýkingar.
- 2 **Taka til allt sem þarf fyrir sondugjöf**
  - Sprautur
  - Sýrustigspappír
  - Mjólk barns

Notaðar eru stórar sprautur, 10-20 ml, til að gefa mjólk í sonduna. Ný, hrein sprauta er notuð fyrir hverja fæðugjöf á meðan barnið er á Vökudeild en aðrar reglur gilda í heima-húsi. Mjólk barnsins er hituð í pelahitara og dregin upp í sprautu.

### 3 Staðfesta rétta legu sondu fyrir fæðugjöf

1. Til að staðfesta rétta legu sondu er 2,5 eða 5 ml sprauta tengd við sonduna og magainnihald, 0,2-1 ml, dregið varlega til baka. Litlar sprautur eru notaðar til að draga upp magasafa því stórar sprautur geta myndað of mikið sog og sært magaslímhúð barnsins.
2. Magainnihald er sett á sýrustigspappír. Ef sondan er á réttum stað breytist litur pappírsins úr bláum í bleikan.
3. Afgangi af magasafa er sprautað aftur í sonduna.
4. Ef ekkert magainnihald kemur í sprautuna er prófað að sprauta örlitlu lofti í sonduna, 2-3 ml, til að losa hana frá magaveggnum. Loftið er svo dregið til baka ásamt magainnihaldi til að staðfesta rétt sýrustig. Ef ekkert magainnihald kemur upp getur reynt vel að snúa barni á aðra hvora hliðina. Síðan er aftur reynt að draga upp magasafa eða gefa 2-3 ml af lofti í sonduna og hlusta eftir rétttri legu sondu í maganum með hlustunarpípu. Ef heyrir brak eða lofthljóð liggur hún rétt.

### 4 Gefa næringu

1. Barnið er gjarnan haft húð við húð eða í fangi í uppréttri stöðu meðan á gjöf stendur.
2. Ef barnið kúgast eða líður illa meðan á fæðugjöf stendur þarf að hætta gjöf og ráðfæra sig við starfsmann.
3. Láta þarf að lágmarki 30 mínútur liða eftir gjöf áður en barnið er lagt niður.

Hafa þarf eftirlit með barninu á meðan fæða er gefin í sondu og gæta þess að hraðinn miðist við hvað barnið þolir.

Fylgjast þarf vel með líðan barnsins og gæta þess að plásturinn sem heldur sondunni fastri losni ekki frá kinn. Lengd gjafar er misjöfn. Í flestum tilfellum er hún 15-30 mínútur, lengur í byrjun en styttest þegar barnið þolir fæðuna betur. Sum börn þola fæðuna verr til að byrja með og þá þarf að hægja á og gefa hana á lengri tíma.

Gott er að gefa barninu alltaf smávegis mjólk í munninn á meðan á sondugjöf stendur ef unnt er. Það glæðir áhuga á matnum, bætir meltinguna og gerir máltíðina að ánægjulegri stund fyrir það.

## 5 Frágangur

Pegar búið er að gefa alla mjólkina í sondu er 0,5-1 ml af lofti sprautað í sonduna til að hreinsa hana niður í maga.

- Ef sondu er lokað milli gjafa er notaður tappi sem fylgir.
- Notuðum sprautum er fleygt í almennt sorp.

---

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

---